

Félag kvenna í atvinnulífinu
Borgartún 35
105 Reykjavík

Reykjavík, 3. september 2020
UST202009-010/P.V.B.
09.06.01

Efni: Umsókn um leyfi til myndatöku - Búrfellsgjá - dróni

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Félags kvenna í atvinnulífinu, dagsett 1. September 2020 um leyfi til drónamyndatöku innan náttúruvættisins Búrfells, Búrfellsgjár og Selgjár.

Búrfell, Búrfellsgjá og Selgjá er friðlýst sem náttúruvætti sbr. auglýsingu nr. 687/2020. Óheimilt er að hrófla við, raska eða skemma jarðmyndanir innan náttúruvættisins nema til komi sérstakt leyfi frá Umhverfisstofnun og Garðabæ. Notkun fjarstýrðra loftfara er óheimil innan náttúruvættisins nema að fengnu leyfi frá Umhverfisstofnun. Afla skal leyfis Umhverfisstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem kalla á jarðrask, aðstöðu, mannafla eða meðferð tækja innan verndarsvæðisins, s.s. vegna kvikmyndagerðar, listviðburða og samkomuhalds.

Lýsing verkefnis:

Um er að ræða myndatöku á vegum Félags kvenna í atvinnulífinu. Til stendur að mynda 100 félagskonur þar sem þær standa í hring eða U með 2 metra millibili á gígbarmi Búrfells með dróna. Gengið verður á stígum alla leið. Dróninn mun taka á loft frá stígnum fyrir ofan gígin og fara beint upp í loft fyrir miðjum gígnum í 40-100 metra hæð og mun fara í mesta lagi 100 metra til hliðana. Ráðgert er að drónin muni vera í lofti í 10-15 mín. Tökur fara fram síðdegis fimmtudaginn 3. september 2020.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun telur myndatökuna ekki hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins að því gefnu að þátttakendur haldi á göngustígum á svæðinu. Þar sem myndinn sem til stendur að taka er fordæmisgefandi er mælt með að fólk standi í skeifu á hluta gígbarmsins til að minnka neikvæð áhrif myndatökunar á svæðið.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Félagi kvenna í atvinnulífinu fyrir sitt leyti leyfi fyrir drónamyndatöku innan náttúruvættisins Búrfells, Búrfellsgjár og Selgjár sbr. lýsingu hér að ofan þann 3. september 2020 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.

- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Einungis skal gengið eftir merktum göngustígum.
- Uppstilling á fólki á gígbarminum skal vera í skeifu þannig að ekki sé farið inn á norðurhluta gígsins. Staðsetning þáttakenda á gígbarminum í myndatökuni skal ákveðin í samráði við Umhverfisstofnun.
- Virða skal umgengisreglur sem gilda um svæðið.
- Stjórnendur viðburðarins upplýsi þátttakendur um mikilvægi þess að halda sig á stígnum til að koma í veg fyrir risk á viðkvæmum gróðri og jarðminjum.
- Þáttakendur verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt risk og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Sýna skal öðrum gestum svæðisins tillitsemi og tryggja að myndatakan og drónaflugið valdi eins litlu ónæði og hægt er.
- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Flugtíma skal haldið í lágmarki og það skal fara fram utan þess tíma sem flestir gestir eru á svæðinu.
- Ef drónaflugið hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralíf skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ekki skal skilja eftir hluta loftfarsins á svæðinu heldur finna og endurheimta loftfarið og alla hluta þess ef það brotlendir eða bilar.
- Af öryggisástæðum skal sá sem stjórnar ómönnuðu loftfari klæðast merktum fatnaði svo hægt sé að auðkenna viðkomandi.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrisk og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 990/2017

Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 990/2017, um starfsrækslu fjarstýrðra loftfara.

Umhverfisstofnun bendir á að dróna sem notaðir eru í atvinnuskyni þarf að skrá sérstaklega hjá Samgöngustofu.


Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um kvikmyndagerð og/eða ljósmyndatöku er kr. 52.600.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Virðingarfyllt



Þórdís Vilhelmlína Bragadóttir
sérfræðingur



René Biasone
sérfræðingur